

Mánudaginn 17. október 1966.

Nr. 137/1965. **Karl Ó. Jónsson**

(Áki Jakobsson hrl.)

gegn

Kaupfélagi Vopnfirðinga

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Sáttir. Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. ágúst 1965, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. s. m. Kröfur hans eru þær, að héraðsdómur og málsmeðferð í héraði frá þingfestingardegi, 2. marz 1963, verði ómerkt.

Stefndi hefur samþykkt kröfur áfrýjanda.

Samkvæmt 5. tl. 3. mgr. 5. gr. sbr. 82. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1950, var nægilegt, að héraðsdómari leitaði sátta um dómkröfur aðilja. Sáttatilraun héraðsdómara skal gerð, þegar kröfugerð er fram komin af hendi stefnda. Hins vegar brestur sönnur á, að héraðsdómari hafi þá eða síðar leitað sátta í málinu. Þykir því rétt að ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er greinargerð stefnda var lögð fram hinn 23. marz 1963, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Dómsorð:

Dómur og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er greinargerð stefnda var lögð fram, eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Dómur aukadómpings Norður-Múlasýslu 7. september 1964.

Fulltrúi sýslumanns, Ólafur Björnsson, kvað upp dóm þennan.

Mál þetta, sem er dómtekið í dag, er höfðað af stjórn Kaupfélags Vopnfirðinga f. h. kaupfélagsins með stefnu, útgefinni

1. marz 1963, gegn Karli Ó. Jónssyni, Kirkjubóli, Vopnafjarðar-kaupþúni, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 58.870.63 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags. Skuld þessa kveður stefnandi vera tilkomna vegna vöruúttektar stefnda persónulega og vegna firmans Jóns og Arnar, Vopnafirði, sem var einkafirma stefnda með ótakmarkaðri ábyrgð.

Stefndi hefur ekki mótmælt kröfum stefnanda í heild, heldur aðeins nokkrum einstökum liðum þeirra:

1. Ofreiknað lestunar- og losunargjald hjá skipa-afgreiðslu stefnanda kr. 1.443.14
Stefnandi hefur fallizt á lækkunarkröfu þessa.
2. Lagfæring á húsi, áföstu frystihúsi stefnanda, framkvæmd af stefnda skv. nótu — 1.928.00
Stefnandi mótmælir lækkunarkröfunum á þeirri forsendu, að hér sé um að ræða óbeðinn erindisrekstur og auk þess hafi komið á móti húsafnot umfram afnot skv. leigusamningi aðilja 31/3 1960.
3. Útskipunarvinna, sem stefndi telur, að skipa-afgreiðslu stefnanda beri að greiða — 3.738.40
Stefnandi hefur viðurkennt, að í þessum kröfulið sé tvítalin greiðsla til verkstjóra, kr. 565.74, og féllst á að lækka liðinn um þá fjárhæð. Hins vegar telur stefnandi, að um sé að ræða vinnu, áður en útflutningsvara var komin að skipi, og beri stefnda því að greiða liðinn
4. Ofreiknaðir vextir — 210.64
Stefndi féllst á lækkunarkröfu þessa.
5. Ranglega færðir vextir vegna síldarmjölspoka — 576.38
Stefnandi mótmælir lækkunarkröfu þessari á þeirri forsendu, að upphæðin hafi þegar verið færð stefnda til tekna.
6. Geymslukostnaður — 670.19
Stefnandi telur stefnda eiga að greiða kostnað þennan.
7. Úttekt á sementi og hnífum árið 1962 — 4.251.50
Stefnandi bendir á, að þótt stefndi minnst þess ekki að hafa tekið við vörum þessum, sé augljóst, að starfsmenn hans hafi tekið við þeim og mótmælir því lækkunarkröfunni.

Niðurstaða dómsins varðandi einstaka liði í lækkunarkröfum stefnda verður þessi:

1. Lækkunarkröfuna ber að taka til greina með kr. 1.443.14.
2. Gegn mótmælum stefnanda er ekki hægt að taka lækkunarkröfu þessa til greina.
3. Skv. viðurkenningu stefnanda verður krafan tekin til greina, að því er varðar kr. 565.74. Frekari lækkun er ekki hægt að taka til greina gegn mótmælum stefnanda.
4. Lækkunarkrafan tekin til greina með kr. 210.64.
5. Lækkunarkrafan ekki tekin til greina gegn mótmælum stefnanda, enda hefur stefndi ekki fært sönnur fyrir kröfunni.
6. Skv. viðskiptavenju verður að telja stefnda skyldugan til að greiða kostnað þennan, og er lækkunarkrafan ekki tekin til greina.
7. Með hliðsjón af vottorðum þeirra Valdimars Stefánssonar, Kristjáns Höskuldssonar og Arnbjargar Jónsdóttur, sem stefndi hefur ekki mótmælt sem óstaðfestum, er lækkunarkrafan ekki tekin til greina.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og með hliðsjón af því, að stefndi hefur haft viðskiptareikning hjá stefnanda árin 1960—1962, og hefur sá reikningur verið lagður fram í málinu, verður niðurstaða málsins sú, að skuld stefnda við stefnanda verður réttilega reiknuð þannig:

Úttekt skv. viðskiptareikningi Karls Ó. Jónssonar	kr. 13.397.14
Úttekt skv. viðskiptareikningi einkafirma stefnda,	
Jóns og Arnar	— 45.473.49
	Kr. 58.870.63

en til frádráttar kemur:

Ofreiknað lestunar- og losunargjald	kr. 1.443.14
Ofreiknuð þóknun til verkstjóra	— 565.74
Ofreiknaðir vextir	— 210.64
	Kr. 2.219.52

Eftir þessa niðurstöðu verður skuld stefnda við stefnanda kr. 56.651.11.

Þá ber stefnda að greiða stefnanda 9% ársvexti frá 1. janúar 1963 til greiðsludags af þeirri fjárhæð, kr. 56.651.11.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda einnig að greiða stefnanda málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 6.500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Karl Ó. Jónsson, greiði stefnanda, Kaupfélagi Vopnfirðinga, kr. 56.651.11 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags og kr. 6.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1966.

Nr. 192/1966. Guðmundur Magnússon

(Gunnar Jónsson hdl.)

gegn

Svani Jónssyni (enginn)

og til réttargæzlu

Geir goða h/f (Björn Sveinbjörnsson hrl.)

og

Karli Karlssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fyrning sjóveðréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1965. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms, að því er fjárhæðir varðar, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi. Þá krefst áfrýjandi og þess, að sjóveðréttur verði dæmdur í v/b Björgvin, áður KE 82, nú ÁR 21, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefur ekki komið fyrir Hæstarétt, og er honum þó löglega stefnt.